



Reykjanesbær, 15. maí 2026

719. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
19. maí 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 7. og 15. maí 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 8. maí 2026 (2026010016)
3. Fundargerð sjálfbærnisráðs 6. maí 2026 (2026010014)
4. Fundargerð velferðarráðs 7. maí 2026 (2026010017)
5. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 7. maí 2026 (2026010009)
6. Fundargerð menntaráðs 8. maí 2026 (2026010013)
7. Fundargerð lýðheilsuráðs 11. maí 2026 (2026010011)
8. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 12. maí 2026 (2026010010)
9. Kveðjuávarp fráfarandi bæjarfulltrúa (2026010121)



Fundargerð

1563. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
7. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkti 5-0 að taka á dagskrá Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287). Fjallað var um málið undir dagskrárlið 8.

* * *

1. Skammtímavistun fatlaðra barna (2026030166)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn.

Lagðar fram tillögur sem miða að því að auka þjónustu skammtímavistunar fatlaðra barna.

Bæjarráð samþykkir 25% viðbótarstöðugildi í Heiðarholti sem rúmast innan fjárheimilda 2026. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í öðrum tillögum sem fram koma í erindinu. Bæjarráð telur mikilvægt að ný bæjarstjórn vinni að framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokknum.

2. Almenningsgöngur í Reykjaneshæ (2019090564)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn og fór yfir stöðu almenningsganga í Reykjaneshæ.

Bæjarráð samþykkir að nýtt verði pöntunarþjónusta í akstur almenningsganga í fyrstu ferð kl.06:00 á morgnana á virkum dögum í stað núverandi aksturs sem hefur ekki verið mikið nýttur. Aksturinn rúmast innan fjárheimilda 2026.

3. Berghólabraut 9 (2026010587)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram erindi frá B9 Byggingum ehf. varðandi makaskipti á iðnaðarlóð.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

4. Hólmeigsbraut 2 - stækkun lóðar (2026010574)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram erindi frá Blue Eignum ehf. og Blue Car Rental ehf. vegna gatnagerðagjalds.

Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Aðalfundur og hluthafafundur Keilis 12. maí 2026 (2026050032)

Lagt fram aðalfundarboð og hluthafafundarboð Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundunum.

Bæjarráð tilnefnir Kjartan Má Kjartansson bæjarstjóra í stjórn Keilis.

6. Ársfundur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum 21. maí 2026 (2026050039)

Lagt fram fundarboð um ársfund Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

7. Fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs 20. apríl 2026 (2026010487)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.

8. Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.



Fundargerð

1564. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
15. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stapabraut 15 - tilboð (2026030317)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lögð fram drög að þróunarsamningi milli Reykjaneshæjar og Reita vegna Stapabrautar 15.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög með fyrirvara um breytingar á orðalagi í 7. grein sem fjallar um gildistíma og uppsögn í samræmi við umræðu á fundinum. Bæjarráð felur Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur að vinna áfram í málinu.

2. Frumkvæðisathugun á vinnslu barnaverndarmála (2026030114)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar mætti á fundinn.

Lögð fram verk- og tímaáætlun úrbótaverkefna í barnaverndarmálum Reykjaneshæjar.

Bæjarráð þakkar fyrir kynningu á verk- og tímaáætluninni og leggur til að áætlunin verði til umfjöllunar mánaðarlega á meðan á vinnunni stendur, að árangur úrbóta sé mældur og regluleg eftirfylgni með framvindu verkefnisins sé kynnt.

3. Barnaverndarþjónusta - drög að samningi við Grindavíkurbæ (2025120125)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndar mætti á fundinn.

Lögð fram drög að samningi Reykjaneshæjar og Grindavíkurbæjar um barnaverndarþjónustu.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra og Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

4. Húsnæðismál leikskóla (2024040176)

Lögð fram til kynningar fyrir bæjarráð tillaga að nýju húsnæði leikskólans Garðasels og undirbúningur fyrir byggingu leikskólahluta Stapaskóla. Verkefnið verða unnin áfram í samræmi við gæðaferil um viðhaldsframkvæmd, nýbyggingu eða leiguhúsnæði VRL-0044.

5. Umsögn vegna breytingar á rekstrarleyfi - Fjárskyn ehf. (Dubliner), Hafnargata 30 (2026030444)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um um breytingu á rekstrarleyfi, í flokk III-B. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

6. North Star Rentals ehf. - ökutækjaleiga/geymslustaður ökutækja Smáratúni 26 - beiðni um umsögn (2026050149)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

7. Breytingar á Hviðu (Eignarhaldsfélagi Suðurnesja) (2026040286)

Guðný Birna Guðmundsdóttir fór yfir breytingar sem búið er að gera á starfsemi og stjórn Hviðu.

8. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 30. apríl 2026 (2026010077)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

9. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 6. maí 2026 (2026020138)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:47



Fundargerð

388. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
8. maí 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingarfulltrúa, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Akadémíureitur - breyting á aðalskipulagi (2025010481)

Akadémíureitur er innan miðsvæðis M3 Nesvellir. Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 100 í 220 og byggingarmagn fer úr 50.300 m² í 62.400 m². Kynningu á skipulagslýsingu og vinnslutillögu er lokið.

Skipulagslýsing og vinnslutillaga voru kynntar samhliða. Engar efnislegar athugasemdir bárust. Samantekt umsagna og viðbrögð liggja fyrir. Samþykkt að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

Formaður gerir fundarhlé kl. 14:07.

Fundur aftur settur kl. 14:12.

Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs leggur fram eftirfarandi bókun:

Vinnsla tillögu að breytingu á aðalskipulagi er rökrétt áframhald verkefnis sem unnið hefur verið að í tvö ár með bæjarbúum. Verkefnið snýst um að skapa líflegt og spennandi miðsvæði á Akadémíureitnum – samfélagsmiðju með verslununum, íbúðum, kaffihúsum og samkomutorgi eins og bæjarbúar hafa kallað eftir.

Vinnsla verkefnisins er langt frá því að nálgast lokastig, m.a. er öll deiliskipulagsvinna eftir fyrir svæðið þar sem t.d. umferðar- og bílastæðamál verða leyst. Fulltrúar allra flokka í bæjarstjórn Reykjaneshæjar samþykktu verkefnið áfram á 1261. fundi bæjaráðs þann 22. apríl sl. og deiliskipulagstillaga fyrir svæðið verður unnin áfram í samstarfi og samtali við íbúa og hagsmunaaðila.

Róbert Jóhann Guðmundsson (B), Eysteinn Eyjólfsson (S) og Helga María Finnbjörnsdóttir (Y).

Guðbergur Reynisson og Gunnar Felix Rúnarsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

2. Njarðvíkurhöfn H4 - breyting á aðalskipulagi (2025120205)

Breyta þarf heimild í aðalskipulagi fyrir landfyllingu í H4 úr 1,5 ha í 3,0 ha. Jafnframt fer fram endurskoðun á afmörkun hverfisverndar fyrir byggð við Njarðvíkurhöfn. Áætlað er að gera eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi: Njarðvíkurhöfn (H4) er stækkuð um 1,5 ha með landfyllingu á milli Norður- og Suðurgarðs. Ný afmörkun á hverfisvernd (HV30) fyrir byggð. Hverfisvernd felld niður á hafnarsvæðinu (H4). Lega Sjávarbrautar endurskoðuð á hluta. Áhersla er á greiðfærni og öryggi fyrir atvinnuumferð og almenna umferð.

Skipulagslýsing og vinnslutillaga voru kynntar samhliða. Kynningu er lokið. Samantekt umsagna og viðbrögð liggja fyrir. Tekið verði tillit á bændingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við frekari vinnslu. Samþykkt að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

3. Iðavellir 14b og Vatnsholt 2 VP12 - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Eysteinn Eyjólfsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Tillaga á breytingu á VP12 reit sem afmarkast af Aðalgötu og Vatnsholti í miðsvæði. Reiturinn verður miðsvæði M13 þar sem ásamt verslun og þjónustu verði heimild fyrir 60 íbúðum og byggingarmagn á reit fari úr 2500 m² í 7650 m². Skipulagslýsing og vinnslutillaga aðalskipulags er kynnt samtímis sbr. 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynningu á tillögu er lokið, engar efnislegar athugasemdir bárust. Samantekt umsagna liggur fyrir. Samþykkt að senda tillögu að breytingu á aðalskipulagi á Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til staðfestingar.

4. M2 miðbær - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Breytingin felst í fjölgun íbúða á svæði M2-miðbær sbr. uppdrátt Kanon arkitekta og VSÓ Rágjafar dags. 29. janúar 2026. Byggingarmagn er aukið úr 85.100 m² í 128.500 m² og fjöldi íbúða úr 305 í 525.

Formaður gerir fundarhlé kl.14:27.

Fundur aftur settur kl. 14:31.

Skipulagslýsing og vinnslutillaga voru kynntar samhliða. Auglýsingatíma er lokið. Engar efnislegar athugasemdir bárust. Samantekt athugasemda og viðbrögð liggja fyrir. Samþykkt að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á gott samráð við íbúa á öllum skipulagsstigum.

5. Breiðbrautarreit - deiliskipulag (2025020232)

Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðbrautarreit á Ásbrú. Svæðið afmarkast af Breiðbraut, Grænásbraut og Lindarbraut. Á reitnum eru fyrir tveggja hæða fjölbýlishús og gistiheimili. Heildar fjöldi íbúða á reit verði aukin um 214. Alls 389 íbúðir á fullbyggðum reit. Gistiheimili á möguleika á stækkun um 36 rými. Vinnslutillaga var kynnt í Skipulagsgátt.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að auglýsa deiliskipulagstillöguna með þeim fyrirvara að hlutfall 1-2 herbergja íbúða verði ekki meira en 35%.

6. Brekkubyggð (Suðurbrekka) - deiliskipulag (2025020233)

Kadeco óskar heimildar til að auglýsa deiliskipulagstillögu sbr. skipulagsgögn A2F arkitekta dags 30. apríl 2026. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir Brekkubyggð á Ásbrú í Reykjanesbæ. Með tillögunni er mótuð ný íbúðabyggð á óbyggðu svæði, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri

húsagerð og heildstæðu íbúðarhverfi sem fellur vel að landslagi, aðliggjandi byggð og þeirri stefnu sem mótuð hefur verið fyrir áframhaldandi uppbyggingu Ásbrúar. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 184 til 219 íbúðum að mestu í sérbýli. Vinnslutillaga hefur þegar verið kynnt í skipulagsgátt.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

7. Hlíðarhverfi 3. áfangi – deiliskipulag (2019120007)

Arkís arkitektar leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir þriðja áfanga Hlíðarhverfis f.h. Miðlands ehf. Um er að ræða 492 íbúðir í fjölbýlishúsum og sérbýli. Uppbyggingin er á tveimur svæðum aðskildum með grænum geira. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gerði athugasemdir við tillöguna og minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Brugðist hefur verið við athugasemdum, ráðið vill enn fremur sérstaklega hnykkja á kafla um mengunarhættu í greinargerð þar sem fram kemur að „hreinsun eða förgun jarðvegs samkvæmt viðurkenndum aðferðum og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er skilyrði fyrir uppbyggingu“, á þessi kafla við um jarðveg ásamt þeim innviðum sem eru á svæðinu. Könnun og aðgerðir verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Samþykkt að senda tillöguna aftur á Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til athugunar eftir auglýsingu.

8. Staksbraut 9 - breyting á deiliskipulagi (2026030062)

Landey ehf. óskar eftir breytingu á deiliskipulagi Helguvíkur fyrir lóð kísilmálmverksmiðju o.fl. Byggingareitum innan lóða er breytt, klapparbrún leiðrétt og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,8 sbr. uppdrátt Verkræðstofu Suðurnesja dagsett í maí 2026. Fyrir reitinn er í gildi breyting á deiliskipulagi Helguvíkur sem var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjarbann 2. júní 2015.

Erindið dregið til baka að beiðni málsaðila.

9. Stapabraut 15 (2026030317)

Niðurstaða útboðs. Á 1562. fundi bæjarráðs var Erlu B. Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnari Kr. Ottóssyni skipulagsfulltrúa falið að ganga til samninga við Reiti og leggja fyrir bæjarráð drög að þróunarsamningi.

Með vísan í umsókn Reita atvinnuhúsnæðis ehf. dags. 27. apríl 2026 er úthlutun lóðar að Stapabraut 15 samþykkt.

10. Valhallarbraut 761 (2024110113)

Konvin fasteignir ehf. sækja um breytingu á Valahallarbraut 761. Byggingin breytist úr gistiheimili með 60 herbergjum í fjölbýlishús með 64 íbúðum sbr. breytingaruppdrátt ÓMR verkfræðistofu dags. 24. mars 2026.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

11. Vatnsholt 10-12 og 20-22 – lóðir (2026040332)

Þega lóðir að Vatnsholti 10-12 og 20-22 voru stofnaðar árið 1993 var á sameiginlegri bílastæðalóð ekki gert ráð fyrir byggingareitum eða sérstökum lóðum fyrir bílskúra þó mannvirkin séu sýnd á lóðablaði. Lögð er fram tillaga til samþykktar að uppskiptingu á lóðum á þessum reit sjá uppdrátt Verkfræðistofu Suðurnesja Vatnsholt 14, 16, 18, 20 og 22 dags 16. apríl 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

12. Reykjanesvegur 40 - fyrirspurn (202604011)

Tító ehf. óskar heimildar til að bæta við kvistum á þak beggja vegna og bæta þannig nýtingu á risi sbr. uppdrátt Beims dags. 4. desember 2025.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

13. Fuglavík 19 - stækkun á byggingareit (2026040019)

Lúðvík Fasteignafélag ehf. óskar eftir lengingu á byggingareit um 6,3m sbr. uppdrátt Glóru dags. 31. mars 2026.

Breytingin samræmist ekki fordæmum um sambærilegar breytingar á nærliggjandi lóðum. Byggingareitur fari ekki nær lóðamörkum við götu en 8m. Erindi frestað.

14. Iðavellir 1 - viðbygging (2026040356)

Umsókn um viðbyggingu við núverandi húsnæði ásamt uppfærslu á ytra byrði sbr. uppdrætti Riss verkfræðistofu dags. 20. apríl 2026.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

15. Vatnholt 14 - viðbygging (2026040002)

Ari Elíasson óskar heimildar til að reisa viðbyggingu við húsið, útigeymslu o.fl. sbr. uppdrætti Glóru ehf. dags. 27. apríl 2026.

Með þeim fyrirvara að meðeigendasamþykki liggja fyrir er erindið samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2. Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3 hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

16. Leikskólinn Asparlaut - fyrirspurn (2019120007)

Á 381. fundi umhverfis- og skipulagsráðs 16. janúar 2026 óskaði Guðbergur Reynisson eftir yfirliti yfir viðskipti Reykjanesbæjar og Miðlands ehf. Fundargerð ráðsins var til afgreiðslu á 711. fundi bæjarstjórnar þann 20. janúar sl. þar sem fyrirspurn um sundurliðað yfirlit yfir viðskipti Reykjanesbæjar og Miðlands ehf. vegna Leikskólans Asparlautar var ítrekuð.

Sundurliðun sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs lögð fram. Umhverfis- og skipulagsráð vísar erindinu til frekari umræðu í bæjarráði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:48.



Fundargerð

70. fundur sjálfbærni ráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
6. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Guðni Ívar Guðmundsson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. ON hleðslustöðvar (2020090208)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir, lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu uppbyggingar á hverfahleðslustöðvum við stofnanir Reykjaneshæjar samkvæmt þjónustusamningi sem gerður var við Orku náttúrunnar í desember 2022 til sex ára. Gerður var samningur um átak í að uppsetningu hleðslustöðva í hverfum bæjarins. Hleðslustöðvar hafa verið settar upp á nokkrum stöðum en halda þarf áfram og setja upp fleiri stöðvar. Farið verður af stað á árinu með að setja upp stöðvar við leikskólana Drekaðal og Asparlaut. Mikil ásókn er í stöðvarnar og mikilvægt að haldið verði áfram með verkefnið.

2. Fráveita Reykjaneshæjar (2025070020)

Máli frestað.

3. LED væðing (2020021391)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn og kynnti stöðu verkefnisins. LED ljós eru í öllum nýjum byggingum sveitarfélagsins og unnið er að LED væðingu leikskólanna. Lögð er áhersla á vinnu- og heilsuverndarsjónarmið og góða endingu við val á lýsingu. Verkefnið gengur vel og er í góðu flæði.

4. Sjálfbærni skýrsla Reykjaneshæjar 2025 (2021010385)

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála gerði grein fyrir málinu.

Sjálfbærni ráð leggur ríka áherslu á að haldið verði áfram með þróun sjálfbærnimála hjá Reykjaneshæ á grunni sjálfbærni skýrslunnar, meðal annars með samræmingu sorpflokkunar hjá stofnunum sveitarfélagsins og sjálfbærri innkaupa- og fjármálastefnu.

5. Grenndarstöðvar (2024040512)

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála fór yfir endurbætur á grenndarstöðvum sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Ein stærsta breytingin felst í því að nú taka grenndarstöðvar við níu flokkum úrgangs í stað fjögurra.

Sjálfbærni ráð fagnar bættri þjónustu á grenndarstöðvum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.



Fundargerð

454. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
7. maí 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Birna Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Gíslason og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Unnar Stefán Sigurðsson boðaði forföll og sat Margrét Þórarinsdóttir fundinn í hans stað.

* * *

1. Sameining dagdvala (2024050055)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn og kynntu stöðu mála varðandi sameiningu dagdvala í húsnæði þjónustumiðstöðvar að Nesvöllum.

Velferðarráð felur deildarstjóra eignaumsýslu að vinna málið áfram í samstarfi við bæjarlögmann.

2. Frumkvæðisathugun á vinnslu barnaverndarmála (2026030114)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti úrbótaáætlun og tillögu að framkvæmd innra eftirlits í kjölfar athugasemda sem fram komu við frumkvæðisathugun Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á vinnslu barnaverndarmála við vistun barna utan heimilis.

Velferðarráð lýsir ánægju með viðbrögð sviðsstjóra velferðarsviðs og starfsfólks barnaverndarþjónustu við athugasemdum Gæða- og eftirlitsnefndar velferðarmála og hvetur til þess að úrbótaáætluninni verði fylgt vel eftir.

3. Frumkvæðisathugun á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónustu vegna barna í fóstri (2026030115)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir upplýsingar vegna frumkvæðisathugunar á eftirlitsskyldum barnaverndarþjónustu vegna barna í fóstri.

4. Barnaverndarþjónusta - drög að samningi við Grindavíkurbæ (2025120125)

Drög að samningi Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar um barnaverndarþjónustu lögð fram.

Velferðarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til afgreiðslu í bæjarráði.

5. Sértek búsetuúrræði fyrir fatlað fólk (2026020053)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og fór yfir núverandi stöðu og þróun varðandi sértek búsetuúrræði.

Velferðarráð þakkar Ólafi Garðari fyrir góða yfirferð. Í sjálfstæðri búsetu getur stoð- og stuðningsþjónusta verið nægjanlegur stuðningur fyrir suma umsækjendur, félagslegt leiguhúsnæði sem uppfyllir aðgengi fyrir alla góður kostur, á meðan aðrir fatlaðir íbúar þurfa viðameiri og heildstæðari þjónustu allan sólarhringinn.

Velferðarráð leggur áherslu á að brýnt er að halda áfram og klára uppbyggingu búsetuúrræða sem eru í vinnslu samkvæmt viljayfirlýsingu Brynju leigufélags og Reykjanesbæjar. Til framtíðar er ljóst að búsetuúrræðin þurfa að vera fjölbreytt og æskilegt að farið verði í ítarlegri greiningu um búsetu- og þjónustuform til framtíðar með hagsmunaaðilum eins og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks í Reykjanesbæ og notendaráði fatlaðs fólks.

6. Frumkvæðisathugun í Seljudal (2026030264)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

7. Skammtímavistun fatlaðra barna (2026030166)

Á fundi bæjarráðs í morgun voru lagðar fram tillögur sem miða að því að auka þjónustu skammtímavistunar fatlaðra barna. Bæjarráð samþykkti 25% viðbótarstöðugildi í Heiðarholti sem rúmast innan fjárheimilda 2026. Auk þess var bæjarstjóra falið að vinna áfram í öðrum tillögum sem fram komu í erindinu.

8. Farsældarþing Suðurnesja 27. maí 2026 (2026050050)

Farsældarráð Suðurnesja boðar til farsældarþings 27. maí næstkomandi. Markmiðið með þinginu er að kortleggja þjónustukeðjuna fyrir börn og fjölskyldur á Suðurnesjum frá meðgöngu til loka framhaldsskóla og meta hvar hún virkar vel og hvar hún þarf að þéttast. Niðurstöðurnar verða nýttar í mótun fjögurra ára aðgerðaáætlunar fyrir svæðið.

Drög að dagskrá lögð fram.

9. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 4. maí 2026 (2026010018)

Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar lögð fram.

Velferðarráð óskar eftir að hagdeild vinni nánari greiningu á niðurgreiðslum sveitarfélaga á heimsendum mat.

10. Fundargerðir Samtakahópsins 11. febrúar og 9. apríl 2026 (2026020246)

Fundargerðir Samtakahópsins lagðar fram.

11. Mælaborð velferðarsviðs (2026020247)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti mælaborð fyrsta ársfjórðungs 2026.

12. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í apríl 2026 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð

Í apríl 2026 fengu 88 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 13.252.363 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 150.595 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 27.

Í apríl 2025 fengu 132 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 19.000.794 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 143.945 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 45.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í apríl 2026 fengu 263 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.692.550 kr.

Í sama mánuði 2025 fengu 274 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.858.851 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í apríl 2026 var haldinn 1 fundur í áfrýjunarnefnd og 13 erindi lögð fyrir nefndina. 9 erindi voru samþykkt, 3 erindum synjað og 1 erindi frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.



Fundargerð

308. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, fimmtudaginn 7. maí 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Njarðvíkurhöfn - brimvarnargarður (2023080391)

Lögð fram verkfundargerð 7. fundar frá 22. apríl 2026 ásamt verkstöðuylfirliti.

2. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Farið yfir stöðu mála við vinnslu á deiliskipulagi í og upp af Njarðvíkurhöfn. Tekin var afstaða til afmörkunar á lóðum og á lóðarstærðum.

3. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðu mála vegna uppbyggingar á Suðurbakka Helguvíkurhafnar og tímalínu næsta áfanga verkefnisins.

4. Skemmtiferðaskip (2026020459)

Farið yfir ýmis mál er varða markaðssetningu Keflavíkurhafnar fyrir smærri skemmtiferðarskip.

5. Hafnasamband Íslands - fundargerð stjórnar 13. apríl 2026 (2026020458)

Lögð fram fundargerð 482. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 13. apríl 2026.

6. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2026050014)

Farið yfir mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs vegna fyrsta ársfjórðungs, janúar til mars, 2026.

7. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.



Fundargerð

396. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
8. maí 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Hermann Borgar Jakobsson, Ríkharður Ibsen og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Sigurbjörg Róbertsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Rós Valdimarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólakennara, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Harpa Björg Sævarsdóttir boðaði forföll og sat Hermann Borgar Jakobsson fundinn í hennar stað.

* * *

1. Tónlistarskóli Reykjaneshæjar (2026050082)

Haraldur Árni Haraldsson skólastjóri tónlistarskólans mætti á fundinn og fór yfir upplýsingar um starfsemi skólans 2025-2026.

Menntaráð þakkar Haraldi fyrir komuna og fróðlegt erindi hans um verkefni tónlistarskólans og aðstöðumál í grunnskólum sveitarfélagsins. Haraldur lagði fram tillögur um ýmis mál sem snúa að tónlistarskólanum og er sviðsstjóra menntasviðs falið að fylgja þeim eftir.

Haraldur kom inn á framtíðarsýn skólans og hvetur menntaráð tónlistarskólann til að kynna hana fyrir menntaráði síðar í haust. Alls eru 920 nemendur við skólann og 53 kennarar. Tónlistarskólinn heldur að meðaltali 90 tónleika á ári. Menntaráð lýsir yfir ánægju með gott og metnaðarfullt starf tónlistarskólans.

2. Húsnæðismál leikskóla (2024040176)

Jón Stefán Einarsson frá JeES arkitektum og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn og kynntu tillögu að nýju húsnæði leikskólans Garðasels. Einnig var farið yfir stöðu útboðs vegna leikskólans í Stapaskóla.

Meirihluti menntaráðs þakkar Jóni Stefáni fyrir einstaklega góða greiningu á leikskólanum Garðaseli. Greiningin gerir ráð fyrir að á lóð Garðasels verði 120 barna, 1.100 m² leikskóli á tveimur hæðum en núverandi bygging verður rifin. Megináherslan snýr að nýtingu lóðar, aðkomu og fjölda bílastæða. Tillaga er um að fjölga sleppistæðum úr 10 í 30 auk fjölgunar starfsmannastæða úr 11 í allt að 32.

Meirihluti menntaráðs leggur áherslu á mikilvægi uppbyggingar leikskóla í norðurhluta Keflavíkurhverfis og vísar verkefninu, samkvæmt gæðaferli Reykjanesbæjar VRL-0044, til bæjarráðs og síðar til stjórnar eignasjóðs.

Í sumar verður hafist handa við undirbúning fyrir byggingu leikskólahluta Stapaskóla þar sem byggður verður portveggur við hlið hans í öryggisskyni. Útboðsgögn eru í lokayfirferð hjá eignaumsýslunni til að hægt verði að bjóða út byggingu leikskólans. Meirihluti menntaráðs leggur áherslu á að næsta verkefni til uppbyggingar leikskóla verði í Stapaskóla og að útbóðið fari af stað í haust til að hægt verði að hefjast handa við bygginguna á næsta ári.

Meirihluti menntaráðs vísar verkefninu til bæjarráðs og síðar til stjórnar eignasjóðs, í takt við gæðaferil Reykjanesbæjar VRL-0044.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við afgreiðslu málsins. Engin gögn bárust fyrir fundinn.

3. Staða innritunar í leikskóla (2026020073)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir upplýsingar um stöðu innritunar í leikskóla sveitarfélagsins í byrjun maí 2026.

Meirihluti menntaráðs fagnar góðum árangri í innritun leikskóla Reykjanesbæjar. Líkt og áður hefur komið fram hafa öll börn fædd á árinu 2024 fengið boð um leikskólapláss auk barna fæddra í janúar til og með apríl árið 2025. Yngstu börnin sem hefja leikskólagöngu í sumar verða því 16 mánaða en alls hefur verið úthlutað 268 plássum fyrir komandi leikskólaár.

Meirihluti bæjarstjórnar hefur allt kjörtímabilið lagt mikla áherslu á fjölgun leikskólaplássá samt fjölgun starfsfólks í leikskólunum okkar. Alls hafa verið byggð 300 ný pláss, en 210 úthlutað þar sem leikskólinn Garðasel flutti yfir í Asparlaut.

Meirihluti menntaráðs þakkar starfsfólki leikskóla fyrir vel unnin störf við uppbyggingu leikskólastarfs í Reykjanesbæ.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá við afgreiðslu málsins.

4. Endurmenntunarsjóður grunnskóla - úthlutun fyrir skólaárið 2026-2027 (2026050084)

Úthlutað hefur verið úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir skólaárið 2026-2027. Skrifstofa menntasviðs Reykjanesbæjar fékk styrk úr sjóðnum, einnig var verkefnum á vegum Akurskóla, Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla, Njarðvíkurskóla og Stapaskóla úthlutað styrkjum úr sjóðnum auk sameiginlegs verkefnis allra grunnskólanna í Reykjanesbæ.

Menntaráð fagnar úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefna í Reykjanesbæ og óskar starfsfólki skrifstofu menntasviðs og grunnskólanna til hamingju. Ráðið telur ánægjulegt og jafnframt mikilvægt hversu mikil gróska er í endurmenntunarstarfi grunnskóla í sveitarfélaginu.

5. Nýsköpunar- og þróunarsjóður menntasviðs - úthlutun fyrir skólaárið 2026-2027 (2026030159)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fór yfir úthlutanir úr nýsköpunar- og þróunarsjóði menntasviðs fyrir skólaárið 2026-2027. Markmið með sjóðnum er að stuðla að nýsköpun,

frampróun og öflugu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ. Áhersluþættir sem voru í forgangi þegar kom að úthlutun eru:

- Inngildandi menntun
- Við og jörðin
- Læsi – lestur, lesskilningur, ritun og tjáning
- Gervigreind í skólastarfi

Alls bárust umsóknir um styrki til 24 verkefna upp á tæplega 38 milljónir króna. Úthlutunin nær til 16 verkefna og nemur heildarfjárhæð styrkloforða 9.600.000 kr.

Menntaráð lýsir ánægju með hversu fjölbreytt og metnaðarfull verkefni eru sem skólar Reykjanesbæjar sóttu um styrki fyrir og óskar styrkhöfum til hamingju.

6. Hvatningarverðlaun menntaráðs 2026 (2026050086)

Menntaráð Reykjanesbæjar efnir árlega til hvatningarverðlauna fyrir verkefni í skólastarfi sem þykja skara fram úr og vera öðrum til eftirbreytni. Verðlaunin eru veitt til einstakra kennara, kennarahópa og starfsmanna í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem standa að baki verkefnunum.

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna menntaráðs árið 2026. Hver skóli getur sent inn eina tilnefningu um áhugavert eða framúrskarandi verkefni sem hefur nýst skólanum eða skólasamfélaginu og hefur verið unnið á yfirstandandi skólaári. Skila þarf inn tilnefningum fyrir lok dags 22. maí 2026.

Verðlaunin verða afhent miðvikudaginn 3. júní 2026 kl. 16.

7. Íslensku menntaverðlaunin 2026 (2026050085)

Opið er fyrir tillögur um tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna 2026, en að þeim standa embætti forseta Íslands, mennta- og barnamálaráðuneytið, innviðaráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag stjórnenda á skrifstofum fræðslumála í sveitarfélögum, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök áhugafólks um skólaþróun.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi og auka veg menntaumbóta. Verðlaunin eru veitt ár hvert og skulu þau bera ártal þess. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk sérstakrar hvatningar til aðila sem stuðlað hafa að framúrskarandi menntaumbótum. Tillögur skulu hafa borist fyrir 1. júní 2026.

Menntaráð hvetur alla sem tengjast menntasamfélagi Reykjanesbæjar til að senda inn tilnefningar um verkefni sem uppfylla skilyrði Íslensku menntaverðlaunanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:19.



Fundargerð

68. fundur Lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
11. maí 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Margrét A. Sanders, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Hildur Björnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Anna Lydía Helgadóttir boðaði forföll og sat Margrét A. Sanders í hennar stað.

* * *

1. Kynning á Virkjun mannauðs í Reykjanesbæ (2026040337)

Jón Norðfjörð, formaður Ballskáksfélags Suðurnesja og Sæmundur Pétursson formaður Virkjunar mættu á fundinn og kynntu starfsemi Virkjunar í Reykjanesbæ.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og mjög gott starf sem þarna fer fram.

2. Uppgjör frístundastyrks 2025 (2026040346)

Hafþór Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, fór yfir notkun eldri borgara á frístundastyrk Reykjanesbæjar fyrir árið 2025.

Lýðheilsuráð fagnar aukinni lýðheilsuvitund eldri borgara og hvetur bæjarbúa til að huga að lýðheilsu sinni – nú sem endranær.

3. Sumar í Reykjanesbæ 2026 (2025080282)

Hafþór Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, fór yfir fjölbreytt íþróttá- og tómstundatilboð sem standa bæjarbúum til boða og eru kynnt á vefsíðunni fristundir.is.

4. Kynning á íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumálum í Reykjanesbæ (2026050090)

Hafþór Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, fór yfir skipulag íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumála í Reykjanesbæ.

5. Skógarganga í Barnalund (2026050102)

Lýðheilsuráð í samráði við Önnu Sigríði Jóhannesdóttur býður upp á lýðheilsugöngu í Barnalundi við Njarðvíkurskóg miðvikudaginn 19. maí kl. 16.00.

Lýðheilsuráð hvetur öll til að mæta og koma saman og ganga léttu 2,3 kílómetra göngu.

6. Áskorun lýðheilsuráðs til nýrrar bæjarstjórnar (2026040338)

Meirihluti lýðheilsuráðs leggur fram eftirfarandi bókun:

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar leggur áherslu á mikilvægi þess að ráðið starfi áfram á næsta kjörtímabili.

Á undanförunum árum hefur Lýðheilsuráð gegnt mikilvægu hlutverki í að efla heilsu og vellíðan íbúa Reykjanesbæjar með því að stuðla að forvörnum, heilsueflingu og aukinni vitund um lýðheilsumál. Ráðið hefur unnið markvisst að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu íbúa á öllum aldri.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á málefni barna og ungmenna, farsæld þeirra, geðheilsu, starf félagsmiðstöðva og mikilvægi þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Ráðið hefur meðal annars fjallað um niðurstöður rannsókna á líðan og hegðun barna og ungmenna í Reykjanesbæ, aukna þörf fyrir stuðning og úrræði, sem og mikilvægi öflugra forvarna og félagslegrar þátttöku.

Í störfum ráðsins hefur jafnframt komið skýrt fram mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar og stuðnings við félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins, auk þess að tryggja úrræði fyrir ungmenni sem standa höllum fæti félagslega eða hafa takmarkað aðgengi að virkni og atvinnu.

Lýðheilsuráð hefur einnig staðið fyrir og stutt fjölmörg heilsueflandi verkefni og samfélagsátök, svo sem Skessuskokkið, Lífshlaupið, aðventugönguna og Mottumars, auk þess að hvetja til aukinnar þátttöku í hreyfingu og skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þá hefur ráðið verið mikilvægur samstarfsvettvangur milli sveitarfélagsins, skólasamfélagsins, heilbrigðisþjónustu, íþrótt- og félagasamtaka og ungmennaráðs.

Ráðið telur mikilvægt að málefni forvarna, félagsmiðstöðva og samhæfing heilsueflandi verkefna innan sveitarfélagsins heyri áfram undir lýðheilsuráð, enda tengjast þau með beinum hætti lýðheilsu, farsæld og lífsgæðum íbúa.

Lýðheilsuáttal verða sífellt mikilvægari þáttur í þjónustu sveitarfélaga og því telur lýðheilsuráð mikilvægt að tryggja áframhaldandi starfsemi þess á næsta kjörtímabili, þannig að hægt verði að byggja áfram á þeirri þekkingu, samvinnu og uppbyggingu sem þegar hefur skapast til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

Bjarney Rut Jensdóttir (B), Karítas Lára Rafnkelsdóttir (B), Hildur Björnsdóttir (S) og Magnús Einþór Áskelsson (S).

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram eftirfarandi bókun:

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að verkefni tengd lýðheilsu séu skýr, markviss og vel skilgreind innan stjórnarsýslunnar. Ef lýðheilsuráð verður lagt niður mun verkefnum þess áfram vera sinnt, en færast undir önnur svið eða nefndir eftir því sem við á. Markmiðið er að tryggja skilvirka stjórnarsýslu og að verkefnin nýtist sem best í þágu íbúa. Lýðheilsa verður ekki eflað með fleiri flækjustigum í stjórnarsýslunni

Margrét A. Sanders (D).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.



Fundargerð

205. fundur íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. maí 2026, kl. 15:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson, Marta Sigurðardóttir og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. Niðurstöður könnunar og kynning á starfi svæðisfulltrúa (2026040361)

Petra Ruth Rúnarsdóttir og Sigurður Friðrik Gunnarsson, svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurnesjum, kynntu niðurstöður á þátttöku barna í íþróttum og tómstundum sem og störf þeirra sem svæðisfulltrúa.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

2. Smíðavallasamningur við Skátafélagið Heiðabúa (2026040364)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

3. Samningur við KFUM og KFUK um framkvæmd æskulýðsstarfs 2026 (2026050031)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

4. Samningur um rekstur púttvalla við Mánaföt (2026050038)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

5. Endurskoðuð íþróttastefna til 2030 (2026050040)

Íþróttastefna Reykjanesbæjar lögð fram til kynningar.

6. Kynning á íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsumálum í Reykjanesbæ (2026050090)

Hafþór Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, fór yfir skipulag íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsamála í Reykjanesbæ.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.